

## Endurkortlagning birkiskóga og samanburður við eldri kortlagningu

Björn Traustason, Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá.

Sumarið 2010 hófst endurkortlagning náttúrulegs birkis og er gert ráð fyrir að vinnunni ljúki ári 2014. Ástæður þess að farið er út í endurkortlagningu birkilendis nú eru nokkrar; langt er liðið frá síðustu birkikönnun og töluvert hefur verið um náttúrulega sjálfsáningu birkis, en auk þess er birkigagnagrunnurinn notaður sem þýði fyrir úrtaksmælifleti í ÍSÚ. Af þeim 286 mæliflötum sem valist hafa út frá birkigagnagrunninum hafa 85 reynst vera utan birkilendis sem þýðir að 30% mæliflata sem eru birkilendi samkvæmt gagnagrunninum eru það ekki í raun. Þegar ýmsar tölfræðilegar stærðir eru reiknaðar út á grundvelli ÍSÚ gagnanna þá skiptir miklu að úrtaksmælifletirnir endurspegli raunverulega útbreiðslu birkiskóga og birkikjarrs.

Þar sem endurkortlagningunni er ætlað að spanna 5 ár þá var kortlagningarsvæðunum skipt upp í 5 jafna hluta og var sá fyrsti endurkortlagður síðastliðið sumar. Hver kortlagningareining er um 1000 ha og eru einingarnar 121, eða um 24 einingar sem kortlagðar eru á hverju ári. Reynt er að fylgja náttúrulegri útbreiðslu eins og kostur er þegar skorið er á milli kortlagningareininga og í ákveðnum tilfellum er ekki raunhæft að skera á stóra fláka (nokkur þúsund hektarar) og eru þeir þá teknir í sömu ferð til hægræðingar. Valið er á milli kortlagningareininga með tilviljunarúrtaks-aðferð. Við endurkortlagninguna eru notaðar vettvangstölvur sem GPS tæki er tengt við. Á þann hátt er ýmist hægt að ganga útlínur birkisins og fá þannig GPS hnit sem síðan eru hnituhinn á tölvuskjá, eða hnita á vettvangi sjáanlegar útlínur birkilenda á loftmyndir eða á SPOT gervitunglamyndir. Upplýsingar eru síðan skráðar á alla kortlagða birkifláka.

Niðurstöður endurkortlagningar náttúrulegra birkiskóga og birkikjarrs fyrir 1. árið liggja nú fyrir (1. tafla). Heildarflatarmál þeirra svæða sem kortlögð voru á 1. ári var 30.216 ha. Þar af voru birkiskógar 8.627 ha og birkikjarr 21.590 ha. Samkvæmt eldri kortlagningunni er flatarmál sömu kortlagningarsvæða 25.845 ha, samkvæmt því hafa 4.371 ha bæst við flatarmál kortlagðra svæða.

1. tafla. Flatarmál birkilendis á Íslandi byggt á niðurstöðum endurkortlagningu 1. árs. Samanburður við eldri kortlagningu.

	Endurkortlagning (ha)	Eldri kortlagning (ha)	Mismunur (ha)
Flatarmál svæða á 1. ári	30.216	25.845	4.371
<i>Flatarmál eftir flokkum núv. hæð</i>			
Birkiskógur >2m	8.627	4.221	4.406
Birkikjarr <2m	21.590	21.623	-33
<i>Flatarmál eftir flokkum fullvaxta</i>			
Birkiskógur >2m	19.326	Ekki skráð	
Birkikjarr <2m	10.182	Ekki skráð	
Heildarflatarmál birkilendis	134.904	115.389	19.515